

Heimilið var undirlagt vikum saman.

Rætt við Fríðu Þorvaldsdóttur, einu konuna sem hlotið hefur heiðursmerki Sjómannadagsráðs

Aðeins ein kona hefur hlotið heiðursmerki Sjómannadagsráðs á Akranesi, en það er Fríða Þorvaldsdóttir, sem um áratugaskeið annaðist merkjasölu ráðsins á Sjómannadaginn.

Ég byrjaði í þessu um svipað leyti og Hallfreður Guðmunsson varð formaður Sjómannadagsráðs. Hann kom til mín og bað mig að annast þetta fyrir sig, en ég var þá foringi skátastúlkna hér á Akranesi og það voru þær sem svo seldu merkin á Sjómannadaginn, en ég sá um undirbúninginn og skipulagninguna. Þetta merkjasölumál færðist svo alltaf meira og meira til mín, uns svo var komið að ég annaðist það algjörlega. Fyrstu árin var þetta þannig, að við fengum borða með fánalitunum í metravís og maður varð að klippa þetta niður. Síðan kom merki frá Sjómannadagsráði í Reykjavík og svo sátum við vikum saman við að klippa borðana niður og setja prjóna í, sem festi borðann við merkið og var einnig notaður til að festa í jakkaboðunga. Í þá daga var nýtnin svo mikil, að ef eitthvað af merkjum gekk af, varð maður að taka borðana af aftur og strauja þá og geyma til næsta Sjómannadags. Auðvitað var þetta mikil vinna og heimilið mitt var undirlagt í þessum undirbúningi vikum saman. En maður hafði ánægju af þessu öllu saman. Skátastúlkurnar voru líka óhemju duglegar við merkjasöluna. Fyrst um morguninn á Sjómannadaginn voru þær niður á bryggju að selja, en þar niður frá byrjaði skrudgang. Eftir messuna gengu þær svo í hvert einasta hús á Akranesi og buðu merkin til sölu. Allsstaðar var þeim vel tekið og vel flestir keyptu merki. Enda var það svo að meiri hluti ágóðans eftir daginn kom af merkjasölunni og það kom nokkrum sinnum fyrir þegar illa gekk fjárhagslega með daginn, að merkjasalan bjargaði máluunum við. Síðar var svo farið út í það að greiða krökkunum sölulaun og verðlauna þau sem flest seldu merkin. Það var gert vegna þess að erfiðlega gekk orðið að fá krakka til að selja merkin. Áður fyrr litu þau á þetta sem heiður. Svona hafa tímarnir breyst. Og fyrir þetta starf hlautu svo heiðursmerki Sjómannadagsráðs?

Já, Hallfreður var búinn að nefna þetta við mig nokkru áður, en ég hafði harðneitað, sagði að það kæmi ekki til mála. En svo þegar hann ákvað að hætta í Sjómannadagsráði íterkaði hann þetta við mig og lét sig ekki fyrr en ég samþykkti að taka við heiðursmerkinu. Það var árið 1964. Mér fannst ég ekki eiga þetta skilið, en Hallfreður hætti ekki fyrr en ég lét undadn og tók við þessu.

En þetta hefur nú verið óhemju mikið starf, sem þú hefur unnið þarna fyrir ráðið? Já vissulega var þetta nokkuð starf, einkum fyrstu árin, þegar maður varð hálfgerð að búa merkin og ég geri mér grein fyrir því að það hefði verið erfitt fyrir karlana að annast þetta sjálfa, þar sem þeir voru

allir á sjónum. Ég var við þetta til ársins 1973 og síðari árin var þetta orðið mikið breytt. Þá fékk ég merkin send til mín fullbúin og þurfti þá aðeins að skipuleggja söluna, sem var mun minna verk en áður var. Kemurðu ekki nálægt þessu lengur? Ekki merkjasölunni, nú er hún orðin svo stór í sniðum eftir að bærinn stækkaði svona mikið að það er ekki fyrir eina manneskju að sjá um þetta. Nú síðari árin hafa Slysavarnarkonur verið með kaffisölu á Sjómannadaginn og ég hef unnið að henni með þeim, rétt svona til að vera með. En ég vil taka það fram, að þessi merkjasala var mjög skemmtilegt starf og á ég margar góðar minningar frá þessum árum. Þetta var mikið starf eins og ég sagði áðan en ánægjulegt og við lögðum okkur fram um að leysa það eins vel af hendi og hægt var. Það var kappsmál mitt og skátastúlkanna að salan væri sem mest, enda vissum við að aðal ágóðinn af Sjómannadeginum kom af merkjasölunni. Og eins og flestir vita hér á Akranesi var sundlaugin okkar, Bjarnalaug byggð á sínum tíma fyrir ágóðann af Sjómannadeginum á árunum milli 1940 og 1950. Þá var hann líka oft verulegur og við vorum stoltar yfir því að eiga svona stóran þátt í þessu

S.dór